# AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.**

1. gr.

1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.:

| | |
|---|---|
| *Grænland:* | Hreindýrakjöt. |
| *Finnland:* | Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum. |
| *Noregur:* | Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum. |
| *Svíþjóð:* | Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum. |

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til þess að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 6. desember 1996.*

F. h. r.
**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*